



## Framkvæmdir Göngu- og hjólastígar vestan Hafnarfjarðarvegar Við Voginn í Kópavogi

Dagsetning: 08.05.2026

### 1. Lýsing á framkvæmd

Við Voginn í Kópavogi er fyrirhugað að fara í framkvæmdir, vestan við Hafnarfjarðarveg, við gerð göngu- og hjólastíga. Fyrir er sameiginlegur stígur fyrir gangandi og hjólandi umferð en framkvæmdin felst í að breikka stígsvæðið í átt að Hafnarfjarðarvegi og útbúa aðskilda göngu- og hjólastíga. Malbik núverandi stígs verður rífið upp, stígstæðið breikkað og nýtt malbik lagt. Samhliða framkvæmdunum verður vegrið endurnýjað við Hafnarfjarðarveg og fært innar á vegöxl Hafnarfjarðarvegar, þ.e. í átt að Hafnarfjarðarvegi til að búa til pláss fyrir stígana. Stíglýsing verður jafnfram endurgerð og einnig verður gerður hljóðveggur til að skýla vegfarendum stíganna frá umferðarhávaða Hafnarfjarðarvegar. Í útboðsgögnum eru settar fram kröfur varðandi hljóðvegginn, um að hann skuli vera gegnsær, eða a.m.k. helmingur veggflatar sé gegnsær. Krafa um gegnsæi hljóðveggjar er gerð til að hindra síður sín yfir voginn. Hæð hljóðveggjarins skal vera 1,8 m og fjarlægð á milli miðju stólpa vera 2 m. Einnig er gerð krafa um að krotvörn sé höfð á veggnum til að auðvelda þrif á kroti og að í honum skuli vera mynstur til að sporna við að fuglar fljúgi á hann. Dæmi um hljóðveggi sem kæmu til greina eru t.d. lausnir frá Nordic Road safety, sjá myndir hér að neðan:



Mynd 1: Dæmi um hvernig hljóðveggur gæti litið út sem er gegnsær.

Við lækinn eða ósina fer núverandi stígur á brú sem er hengd við bílabrú Hafnarfjarðarvegar. Sú brú heldur sér og verður nýtt fyrir leið hjólandi vegfarenda. Við hlið þeirrar brúar á að reisa nýja stálgrindarbrú sem er ætluð gangandi vegfarendum. Sú framkvæmd kallar á endurbyggingu grjótvörnargarðsins.



Framkvæmdarsvæðið nær frá stígamótum hjá Kópavogstúni við undirgöng fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur undir Hafnarfjarðarveg að sveitarfélagamörkum við Garðabæ. Nýi stígurinn er um 570 m langur.

## 2. Markmið og tilgangur framkvæmdarinnar

Verkefnið er hluti af stofnhjóláneti höfuðborgarsvæðisins og er fjármagnað með Samgöngusáttmálanum sem Betri samgöngur sjá um framkvæmdir á. Með uppbyggingu stofnhjólánets höfuðborgarsvæðisins er tilgangurinn að útfæra greiðar og öruggar hjólaleiðir sem mynda heildstætt net yfir höfuðborgarsvæðið með góðum tengingum á milli sveitarfélaga og helstu hverfi innan þeirra. Markmiðið er að efla hjólreiðar sem raunhæfan samgöngukost á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnt er á að útfæra aðskildar göngu- og hjólaleiðir vestan Reykjavíkurveggar og Hafnarfjarðarveggar þvert á fjögur sveitarfélög, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og Reykjavík. Fyrirhuguð stígaframkvæmd við Voginn í Kópavogi er liður í því. Framkvæmdir hafa staðið yfir sitt hvorum megin við fyrirhugaðan framkvæmdarhluta, sunnan og norðan við nýleg undirgöng fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur við Arnarneshæðina í Garðabæ og að sveitarfélagamörkum við Kópavog. Einnig hafa staðið yfir framkvæmdir við gerð aðskilda göngu- og hjólastíga við sunnanverðan Kársnesháls. Framkvæmdir við Voginn í Kópavogi er „púslíð“ sem tengir þessar nýju hjólaleiðir saman.

## 3. Áskoranir

Vestan við núverandi göngu- og hjólastíg við Voginn í Kópavogi er tún sem nýtur hverfisverndar. Við framkvæmdina er lögð rík áhersla á að ekki verði hróflað við neinu yfirborði eða minjum á þessu svæði, eins og kemur skýrt fram í útboðsgögnum framkvæmdarinnar. Enn fremur er þar tekið fram að ekki sé heimilt að fara lengra út í fjöru Kópavogs en neðsti hluti núverandi grjótvarnargarðs nær í dag vegna friðlýsingar á Kópavogi og fjöru hans.

Hluti af verkefninu er endurröðun steina í grjótvarnargarði vegna breikkunar og hækkunar stíga og gerðar nýrrar göngubrúar yfir Kópavogslæk. Í útboðsgögnum kemur fram, eins og fyrr segir, að ekki sé heimilt að fara lengra út í fjöru með neðsta hluta nýja grjótvarnargarðsins vegna friðlýsingar en heimilt er að hækka hann næst nýjum hjólastíg.

Neðangreind mynd sýnir þann hluta grjótvarnargarðsins sem verður endurgerður, upprif malbiks og hvar verður farið í jarðvegsskipti.



Mynd 2: Grjótnargarður endurgerður: óreglulegir svartir hringir, upprif malbiks: svartar skálinur, Gróður fjarlægður/jarðvegsskipti: ljósgrænar línur.

Háspennustrengur liggur nálægt framkvæmdarsvæðinu að hluta og þverar framkvæmdarsvæðið. Háspennustrengurinn er sýndur á verkhönnunarteikningum. Eftirlit og verktaki verða upplýst um háspennustrenginn og verður sérstök áhersla lögð á að eftirlit og verktaki geri ráðstafanir vegna þessa og afli tilskilin leyfi áður en framkvæmdir hefjast sé þess þörf.

Óskað var eftir álit/umsögnum frá eftirtöldum aðilum vegna framkvæmdarinnar:

- Minjastofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Skipulagsstofnun

## Minjastofnun

Í samskiptum við minjastofnun kemur eftirfrandi fram:

*„ljóst er að framkvæmdin fer mjög mærrí minjunum. Það þarf því að gera einhverjar varúðarráðstafanir á vettvangi meðn á framkvæmdum stendur. Gott væri að griða minjarnar af, t.d. með litríkum borða, þannig að stórvirkar vélar fari ekki utaní minjarnar í ótáti. Halda þarf jarðraski í algjöru lágmarki.“*

Enn fremur er eftirfarandi tekið fram: *„Tryggja þarf að þeim (innskot minjunum) verði ekki raskað og gott væri að girða þær minjar af á framkvæmdartíma einnig, sem næstar standa stígnum“.* Minjastofnun tekur fram að verði komið niður á eitthvað óvænt í framkvæmdunum skuli hafa samband við Minjastofnun.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Tekið skal fram að jákvætt var tekið í þessar varúðarráðstafanir sem að Minjastofnun stingur upp á, minjarnar verða girtar af með fánaborg. Hér að neðan sést kort, mynd 3, sem sýnir minjarnar og framkvæmdarsvæðiðið.



Mynd 3: Minjar og framkvæmdarsvæðið.

### Náttúruverndarstofnun

Beðið eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar – verður uppfært.

### Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina þar sem hún fellur ekki undir lög nr 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

## 4. Tilhögun framkvæmdarinnar

Stefnt er á að framkvæmdir hefjist í júní, eða frá undirritun samnings við verktaka og standi til 15. september 2026. Gert er ráð fyrir að framkvæmdarsvæðið verði nálgast frá tveimur stöðum, annars vegar á milli Kópavogstúns 14 og 9 og að framkvæmdarsvæði norðan Kópavogslækjar og hins vegar frá Súlunesi að því svæði sem liggur sunnan við Kópavogslæk, sjá mynd hér að neðan.

